

Dreifibréf

Reykjavík, 14. maí 2022

Tilvísun: OS2022040059/10.2

Verknúmer: 4353110

Efni: Ákvörðun Orkustofnunar um leyfða arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna raforku vegna ársins 2022

Orkustofnun gerir upp og setur flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum tekjumörk skv. 12. gr. og 17. gr. raforkulaga, nr. 65/2003 og reglugerð nr. 192/2016 um mat á vegnum fjármagnskostnaði sem viðmið um leyfða arðsemi við uppgjör tekjumarka sérleyfisfyrirtækja í flutningi og dreifingu á raforku.

Orkustofnun skal taka ákvörðun um grunnvexti næsta almanaksárs, fyrir 15. maí ár hvert, sbr. 8. og 9. gr. reglugerðar nr. 192/2016 og 1. og 4. gr. reglugerðar nr. 404/2020 um breytingu á reglugerð nr. 192/2016. Ákvörðun grunnvaxta leiðir af sér nýja ákvörðun um veginn fjármagnskostnað.

Grunnvextir í íslenskum krónum ákvarðast 1,92% fyrir árið 2023, sbr. 8. og 9. gr. reglugerðar 192/2016 og 4. gr. reglugerðar nr. 404/2020 um breytingu á reglugerð nr. 192/2016, samkvæmt eftirfarandi niðurstöðu:

Reiknuð ávöxtunarkrafa í íslenskum krónum fyrir árið 2023			
Tímabil	Meðaltal	Vegið meðaltal	
31.1.2012-31.12.2021	1.97%	0,5 x	0.99%
31.1.2014-31.12.2021	1.86%	0,5 x	0.93%
Reiknaðir áhættulausir vextir 2023			1.92%

Tafla 1 Reiknuð ávöxtunarkrafa í íslenskum krónum fyrir árið 2023

Grunnvextir í Bandaríkjadöllum ákvarðast 0,10% fyrir árið 2023, sbr. 8. og 9. gr. reglugerðar nr. 192/2016 og 1. og 4. gr. reglugerðar nr. 404/2020 um breytingu á reglugerð nr. 192/2016, samkvæmt eftirfarandi niðurstöðu:

Reiknuð ávöxtunarkrafa bandarískra ríkisskuldabréfa (e. 10 y US TIPS) fyrir árið 2023			
Tímabil	Meðaltal	Vegið meðaltal	
31.1.2012-31.12.2021	0.07%	0,5 x	0.03%
31.1.2014-31.12.2021	0.14%	0,5 x	0.07%
Reiknuð ávöxtunarkrafa 2023			0.10%

Tafla 2 Reiknuð ávöxtunarkrafa í bandarískum dölum fyrir árið 2023

Reiknað 10 ára skuldatryggingarálag fyrir íslensk ríkisskuldabréf fyrir árið 2023 er 1,39%, sbr. 8. og 9. gr. reglugerðar nr. 192/2016 og 1. og 4. gr. reglugerðar nr. 404/2020 um breytingu á reglugerð nr. 192/2016, samkvæmt eftirfarandi niðurstöðu:

Reiknað 10 ára skuldatryggingarálag fyrir íslensk ríkisskuldabréf árið 2023			
Tímabil	Meðaltal	Vegið meðaltal	
31.1.2012-31.12.2021	1.49%	0,5 x	0.75%
31.1.2014-31.12.2021	1.29%	0,5 x	0.64%
Reiknað skuldatryggingarálag 2023 - Ísland			1.39%

Tafla 3 Reiknað skuldatryggingarálag í íslenskum krónum fyrir árið 2023

Reiknað 10 ára skuldatryggingarálag fyrir bandarísk ríkisskuldabréf fyrir árið 2023 er 1,39%, sbr. 8. og 9. gr. reglugerðar nr. 192/2016 og 1. og 4. gr. reglugerðar nr. 404/2020 um breytingu á reglugerð nr. 192/2016, samkvæmt eftirfarandi niðurstöðu:

Reiknað 10 ára skuldatryggingarálag fyrir bandarísk ríkisskuldabréf árið 2023			
Tímabil	Meðaltal	Vegið meðaltal	
31.1.2012-31.12.2021	0.27%	0,5 x	0.14%
31.1.2014-31.12.2021	0.24%	0,5 x	0.12%
Reiknað skuldatryggingarálag 2023 - Bandaríkin			0.26%

Tafla 4 Reiknað skuldatryggingarálag í bandarískum dólum fyrir árið 2023

Leyfð arðsemi flutnings- og dreifiveitna fyrir árið 2023 ákvarðast því eftirfarandi, sbr. reglugerð um mat á vegnum fjármagnskostnaði sem viðmið um leyfða arðsemi við ákvörðun tekjumarka sérleyfisfyrirtækja í flutningi og dreifingu á raforku nr. 192/2016 með síðari breytingum:

2023				
CAPM gildi	Auðkenni	Töluleg gildi		
		Flutningsfyrirtæki til stórnotenda	Flutningsfyrirtæki til dreifiveitna	Dreifiveitur til alm.notenda
Áhættulausir vextir (%)	rf	0.10%	1.92%	1.92%
Skuldatryggingaálag	CDS Ísland	1.39%	0.00%	0.00%
Skuldatryggingaálag US	-CDS US	-0.26%		
Samtals áhættulausir vextir	rf	1.24%	1.92%	1.92%
Föst gildi sbr. reglugerð nr. 192/2016 m.s. breytingum				
Markaðsálag (%)	sM	5.2%	5.2%	5.2%
Beta gildi hlutfjár	βE	0.81	0.81	0.74
Sérstakt áhættuálag (%)	sL	1.00%	1.00%	1.00%
Vaxtaálag (%)	sD	1.00%	1.00%	1.00%
Fjármagnsskipan				
Eiginfjárlutfall (%)	e	50%	50%	55%
Skuldahlutfall (%)	d	50%	50%	45%
Lánsfjárlkostnaður (pre-tax)	rD	2.24%	2.92%	2.92%
Lánsfjárlkostnaður (post-tax)	rD*(1-Ts)	1.79%	2.33%	2.33%
Ávöxtunarkrafa eiginfjár	rE	6.45%	7.13%	6.77%
Skatthlutfall	Ts	20.0%	20.0%	20.0%
WACC post-tax (%)		4.12%	4.73%	4.77%
WACC pre-tax (%)		5.15%	5.92%	5.96%

Tafla 5 Leyfð arðsemi flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna fyrir árið 2023

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003, er varða gjaldskrármál eða starfsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna sæta kæru til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 30. gr. laganna. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

F.h. Orkustofnunar



Guðmundur I. Bergþórsson
verkefnastjóri raforkumarkaða

Hanna Björk Konráðsdóttir
deildarstjóri raforkueftirlits

Afrit sent til: Umhverfis- orku og auðlindaráðuneytisins